

Menntaskólinn í Reykjavík

Haust 2023



**Sjálfsmatsáætlun
Menntaskólans í Reykjavík
2023 - 2024**

Á skólaárinu 2023-2024 verður sjálfsmatið sem fyrr fastur hluti skólastarfsins. Ákveðnir þættir eru skoðaðir árlega, en matsþættir eru ólíkir.

Gæðastjóri hefur umsjón með sjálfsmatinu en það er gert í samvinnu við stjórnendur. Sjálfsmatið er þó að mörgu leiti samvinnuverkefni, þar sem aðrir starfsmenn og nemendur stuðla að því að það takist með sem bestu móti.

Starfsmannafundir og fagstjórafundir eru mikilvægir til að skapa umræðuvettvang, ásamt því að miðla skilaboðum.

Fyrir neðan má sjá helstu matsþættina:

- **Námsárangur.** Gögnin í þessum matsþætti eru einkunnir nemenda í prófum. Konrektor tekur saman einkunnir nemenda og reiknar út meðaleinkunnir. Niðurstöðurnar eru síðan kynntar á kennarafundi. Námsárangur nemenda veitir ekki einungis nemendum innsýn í þeirra stöðu, þetta eru einnig mikilvæg gögn fyrir skólann að átti sig á hvar má bæta sig.
- **Kennslukönnun meðal nemenda.** Kennslukönnunin fer fram á rafrænan hátt á vormisseri á námsvef skólans, Innu. Nemendum skólans er ekki skylt að taka þátt í könnuninni, sem mun meta ýmsa þætti, t.d. námsefni, kennslugögn og kennsluhætti. Gögn úr könnuninni eru síðan nýtt í starfsmannasamtölum.
- **Skoðun námsbrautum skóla.** Í vetur stendur til að endurskoða námsbrautir, með tilliti til námsvals og eininga. Fagstjórar fara fyrir því verkefni í hverri deild að skoða áfanga í þeirra fagi. Einnig stendur til að fara í heildarskoðun á brautum.
- **Viðhorfskannanir meðal nemenda.** Viðhorfskannanirnar fara fram á rafrænan hátt á haustmisseri og á vormisseri. Í könnuninni er m.a. spurt um andlega heilsu nemenda og niðurstöður nýttar til að þróa áfram verkefni í tengslum við heilsueflandi framhaldsskóla.
- **Umhverfisvernd.** Langtíma verkefni skólans er að fá græn skrefin fimm í ríkisrekstri. Í vetur verður umhverfisnefnd við störf og mun konrektor leiða það starf. Stefnan er að fá þriðja og jafnvel fjórða græna skrefið. Þetta er verkefni sem mun taka tíma og krefjast samvinnu alls starfsfólks.
- **Skólaráð.** Nefnd þessi hittist á tveggja vikna fresti og í henni sitja fulltrúar nemenda, kennara og stjórnenda. Skólaráð er lýðræðislegur vettvangur fyrir alla aðila til að ræða ýmis mál og þá sérstaklega að fulltrúar nemenda geti komið á framfæri sjónarmiðum sínum.

Sjálfsmatsáætlun 2023-2024							
	Lagt fyrir	Skoðun á	Framkvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður	Hve oft framkvæmt
Námsrángur	Nemendur	Einkunnir skoðaðar og meðaltöl reiknuð	Konrektors	Próf nemenda	Konrektor	Rætt í deildum og á kennarafundi	Á vormisseri
Námsefni og kennsluhættir	Nemendur	Námsefni, kennsluhættum, mati á gæðum kennslunnar	Gæðastjóra	Rafræn kennslukönnun í INNU	Rektor/konrektor	Rætt í deildum og á kennarafundi	Á vormisseri
Brautir skólans		Brautum skólans	Fagstjóra og kennara	Úttekt á brautum í öðrum sambærilegum skólum	Stjórnendur	Rætt á starfsdegi	Á vormisseri
Verkferlar		Ýmsum verkferlum innan skólans	Gæðastjóra og verkefnastjóra	Samskipti innan skólans og við aðra skóla	Stjórnendur	Rætt við stjórnendur	Á haust-og vormisseri
Líðan nemenda	Nemendur	Geðheilbrigði nemenda	Gæðanefndar og hjúkrunarfræðings	Rafræn könnun á Innu, ásamt öðrum rannsóknum	Gæðanefnd	Gæðastjóri vinnur skýrslu	Vormisseri
Þættir í starfsemi skólans sem stuðla að umhverfisvernd og -vitund starfsfólks og nemenda	Nemendur og starfsfólk	Hvernig skólinn getur orðið vistvænni	Konrektor	Þættir eru hluti af grænu skrefunum	Konrektor	Konrektor og umhverfisnefnd fundar um málið, svo rætt við rektor, síðar kennarafundi	Á haust og vormisseri